

Skipulags- og byggingardeild  
Sveitarfélagið Árborg  
Austurvegi 2  
800 Selfoss

Selfossi, 18.3.2021

**Varðar: Vatns- og hitaveitu við Votmúlaveg, Selfossi**

Selfossveitur og Sveitarfélagið Árborg óska eftir framkvæmdaleyfi vegna eftirfarandi framkvæmda:

- Nýjar DN65 og DN40 hitaveitulagnir meðfram Votmúlavegi og Lækjarmótavegi.
- Ný Ø40 PEX heimæð að Austurkoti og Bárubæ.
- Ø20 blástursröri fyrir fjarskipti meðfram Votmúlavegi (310), frá Vesturmúla að Austurmúla.
- Ný vatnslögn frá Vesturmúla, að gatnamótum Vesturmúla og Lækjarmótavegar. Vatnslögnin yrði líklega Ø180 eða Ø110.

Allar lagnir yrðu að mestu lagðar í sama lagnaskurð.

Sjá meðfylgjandi uppdrætti vegna lagnaleiða.

Tilgangur framkvæmdanna er að styrkja dreifikerfi hitaveitu á svæðinu og endurnýja stofnlögn vatnsveitu, en hún er síðan 1976, og því stutt í að kominn sé tími á endurnýjun hennar.

Stefnt er að því að hefja framkvæmdir í apríl eða maí 2021.

F.h. EFLU hf.

---

Eggert Sveinsson

*Afrit sent til:*

*Sigurður Þór Haraldsson, veitustjóri Selfossveitna*